

Mánudaginn 16. apríl 1945.

Nr. 12/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags
Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar**
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

**Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Ei-
ríkssonar og Ásgeirs Bergssonar**
(Eggert Claessen hrl.).

Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður í stað
Ragnars Ólafssonar hrl.).

Úrskurður.

Munnlegur flutningur máls þessa, sem höfðað er hér fyrir dómi 15. sept. f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar gegn Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar, fór fram 13. þ. m. Er málið höfðað til greiðslu á orlofsfé, kr. 162.36 auk vaxta og málskostnaðar, vegna dvalar Jóhanns Sigurðar Jónssonar á v/b Magna sumarið 1943, en bátur þessi var gerður út af stefndu.

Samkvæmt viðskiptareikningi Jóhanns Sigurðar (rskj. 5) er svo að sjá sem viðskipti útgerðar nefnds báts og Jóhanns hafi verið gerð upp að fullu 3. nóv. 1943, að orlofsfé undanskildu. En 27. maí 1944 hefur hann fengið greiddar kr. 100.00 frá stefnda Ásgeiri, og segir í kvittun Jóhanns Sigurðar, að þar með séu að fullu gerð upp reikningsviðskipti hans við v/b Magna. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þessi upphæð sé umsamin greiðsla á orlofsfjárkröfu Jóhanns Sigurðar, enda hafi engin viðskipti átt sér stað milli þeirra frá 3. nóv. 1943 til þess er greiðslan fór fram. Stefnandi hefur hins vegar neitað því, að nokkur greiðsla á orlofsfé hafi átt sér stað, en ekki hefur af hans hálfu verið gerð grein fyrir því, hvernig á nefndri 100 króna greiðslu stendur.

Vegna framangreindra málsatvika og gagnstæðra staðhæfinga málsaðilja þykir rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 og 56. gr. síðarnefndra laga, að aðiljar komi fyrir dómara og séu yfirheyrðir um það, hvernig á framangreindri 100 króna greiðslu stendur, og önnur þau at-
riði, er skýrslur þeirra kunna að gefa efni til.

Því úrskurðast:

Framangreind aðiljayfirheyrsla skal fara fram svo fljótt sem unnt er.